

Sp.

74. Tillaga til þingsályktunar

[71. mál]

um kornrækt.

Flm.: Jón Helgason, Þórarinn Sigurjónsson, Steinþór Gestsson,
Jón Þorgilsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna nú þegar hvað hægt er að gera til að stuðla að því, að kornrækt verði arðbær og fastur þáttur í búskap íslenskra bænda þar sem skilyrði eru fyrir hendi.

Að fengnum niðurstöðum þeirrar könnunar geri ríkisstjórnin þær ráðstafanir sem vænlegastar eru taldar í þessu skyni.

Greinargerð.

Á 100. löggjafarþingi var flutt tillaga til þingsályktunar um kornrækt til brauðgerðar. Í upphafi greinargerðar fyrir þeirri tillögu segir svo:

„Notkun íslensks korns til manneldis lagðist niður snemma á þessari öld, þegar hætt var að nytja melinn. En um svipað leyti hóf Klemens Kristjánsson á Sámsstöðum tilraunir sínar með ræktun erlendra korntegunda. Og með áratuga brautryðjandastarfi sínu sannaði Klemens, að hægt er að fá þroskaða uppskeru af harðgerðustu tegundunum í þeim héruðum, þar sem veðurskilyrði eru best.

Nokkrir bændur fylgdu í fótspor Klemensar og hófu ræktun á byggi í smáum stíl, en gáfust fljótlega upp á því. Ástæðan var fyrst og fremst sú, að þeir höfðu aðeins frumstæð verkfæri við uppskeruna, svo að vinnan varð mjög mikil. En fullkomin uppskerutæki voru allt of dýr fyrir slíka smáræktun.

En fyrir rúmum áratug hóf einn bóndi, Eggert Ólafsson á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum, ræktun á byggi. Hefur hann gert það árlega síðan og alltaf fengið þroskaða uppskeru. Kornid hefur Eggert notað til skepnufóðurs á búi sínu. Aðrir bændur hafa ekki lagt í að taka Eggert sér til fyrirmyndar og munu ástæðurnar einkum þrjár: Ótti manna við uppskerubrest, mikill stofnkostnaður uppskeruvéla og loks erlendar niðurgreiðslur á innfluttum fódurbæti, sem gera samkeppnisaðstöðu íslenskrar fóðurframleiðslu mjög erfiða.“

Þegar þessi þáttill. var flutt væntu flutningsmenn þess, að möguleikar þeir, sem Hermann Bridde bakameistari taldi vera á notkun íslensks byggmjöls til brauðgerðar, gætu orðið til hvatningar bændum til að gera frekari tilraunir við byggækt. Á þessum árum síðan hefur verið haldið áfram ræktun byggs á Sámsstöðum og Þorvaldseyri með ágætum árangri. Sama er að segja um ræktun í Norðurhjáleigu í Álfaveri s. l. tvö ár. Og í vor byrjuðu sjö bændur í Austur-Landeyjum. Varð uppskera þar mjög góð þar sem best var.

Árangur þessara bænda sýnir að hér getur verið um arðvænlega ræktun að ræða. Stærsta átakið í sambandi við að byrja á kornrækt er að fá uppskeruvél. Það er allt of dýrt fyrir bónda, sem þarf að fara hægt af stað meðan hann er að ná tökum á ræktuninni, að kaupa einn slíka vél. Þar þarf því að koma til samvinna bænda og opinber stuðningur í upphafi. Það er því það fyrsta sem þarf að athuga.

Á síðustu árum hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins unnið markvisst að kynbótum á byggi fyrir íslenskar aðstæður. Augljóst er að nú eru að vaxa upp stofnar sem auka munu öryggi ræktunar hérlendis. Er það í samræmi við reynslu annarra þjóða, því að uppskera hefur t. d. tvöfaldast í Evrópu á s. l. 30 árum vegna kynbóta á stofnum. Þar er því um að ræða mikla möguleika sem nauðsynlegt er að hagnýta, en það krefst mikillar vinnu sem skilar sér þó margfaldlega.

Eftir að uppskeru er lokið bætist við kostnaður ef þurrka þarf kornið og mala. Í haust komu bændur uppskeru sinni í grasköggglaverksmiðjuna á Hvolsvelli þar sem kornið var malað, blandað grasi og kögglað. Hins vegar hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins gert tilraunir með að sýra kornið óþurrkað og benda niðurstöður til að þá sé mölun óþörf. Ef þessi verkun er örugg sparar það mikla vinnu og kostnað.

Auk kornsins fæst hálmur við kornræktina. Eftir honum er sótt af garðyrkjubónda til svepparæktar þar sem hálmur er nauðsynlegur við hana. En eins og fram hefur komið er innlend sveppaframleiðsla aðeins lítil hluti af neyslunni, þannig að þar eru ónýttir möguleikar ef meira framboð yrði á hálm.

Þannig er hægt að benda á mörg atriði sem stutt gætu og aukið hagkvæmni innlendrar kornræktar, ef vel er á málum haldið. Það er mjög nauðsynlegt við þær markaðsaðstæður, sem við búum nú við, að við reynum að gera framleiðslu okkar sem fjölbreyttasta og nýtum alla þá möguleika sem geta dregið úr aðkeyptum aðföngum. Gildir það bæði um hvern einstakan bónda og þjóðarbúið í heild.

Ef athugaður er hinn mikli innflutningur á kornvöru til skepnufóðurs sjáum við að þar er mikill markaður á innlandan mælikvarða. Og takist með öflugum átaki og aðstoð okkar góðu vísindamanna að gera kornræktina árvissa, þá gefa hinar víðáttumiklu ræktanlegu lendur í veðursælli sveitum landsins tækifæri til nýrrar framleiðslu sem yrði íslenskum landbúnaði mjög til styrktar. Og ekki má gleyma álitni hins bjartsýna bakameistara á ágæti hins íslenska korns til brauðgerðar.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.